

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Jakob Gunnarsson  
Sérfræðingur, Svið umhverfismats  
[Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is)



## Umsögn vegna umhverfismatsskýrslu fyrir Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum.

Vegagerðin hefur yfirfarið umhverfismatsskýrslu fyrir Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum, sem unnin er af Landmótun, dags mars 2023.

Vegagerðin telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni í matsáætlun og telur að með samráði verði þeir þættir sem snúa að starfssviði Vegagerðarinnar tryggðir. Sérstakt samráð skal vera vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar Landmannalaugarveggar (F224-01) þ.e.a.s. rofvarna við veginn, tenginga, bílastæða og einnig vegna lagningu rafstrengja í vegstæði.

Síða 1/1

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Landfræðingur  
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is



# Rangárþing ytra

Suðurlandsvegur 1, 850 Hella, Kt: 520602-3050. Sími 488-7000.

Skipulagsstofnun  
b.t. Jakob Gunnarsson  
Borgartúni 75  
105 REYKJAVÍK  
Ísland

Hella, 9. maí 2023

## Umsögn um matsskýrslu fyrir þjónustumiðstöð í Landmannalaugum

Með vísan í tölvupóst Skipulagsstofnunar dags. 15. mars 2023 er óskað umsagnar Rangárþings ytra um matsskýrslu fyrir þjónustumiðstöð í Landmannalaugum í samræmi við 23. gr. laga 111/2021 og 10. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Rangárþing ytra hefur farið yfir umhverfismatsskýrsluna og telur að framlögð gögn fullnægi kröfum sem settar eru fram í 6 gr. í reglugerð 1381/2021.

Rangárþing ytra vill benda á augljós jákvæð áhrif framkvæmdanna og telur sveitarfélagið að með framkvæmdinni sé verið að bæta verulega ímynd og aðstöðu Landmannalauga enda liggur ljóst fyrir að núverandi ástand er mjög slæmt og óviðunandi. Með því að færa þjónustuna frá hinu eiginlega Laugasvæði er verið að styrkja ímynd Landmannalauga. Sveitarfélaginu finnst það góður kostur að flest mannvirki og bílaumferð sé áætluð utan við hið eiginlega Laugasvæði við Laugahraunið.

F.h. Rangárþings ytra



Rangárþing ytra  
Sveitarstjórn

Jón G. Valgeirsson  
Sveitarstjóri

## RE Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum Umsögn VÍ

Til : Jakob Gunnarsson - SLS  
Frá : Skrifstofa <skrifstofa@vedur.is>  
Heiti : RE Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum Umsögn VÍ  
Málsnúmer : 202212048  
Málsaðili : Rangárþing ytra  
Skráð dags : 08.05.2023 13:21:50  
Höfundur : Skrifstofa <skrifstofa@vedur.is>  
[Viðhengi Umsögn - Skipulagsstofnun - Þjónustumiðstöð Landmannalaugum - svar VÍ \(1\).pdf](#)

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsög Veðurstofu Íslands.

Afsakið seint svar.

Kær kveðja I Kind regards

Hlíf

---

**Frá:** Jakob Gunnarsson - SLS  
**Sent:** föstudagur, 5. maí 2023 13:30  
**Til:** Skrifstofa  
**Efni:** FW: Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum

Skipulagsstofnun vill ítreka neðangreinda umsagnarbeiðni.

Kveðja

Jakob Gunnarsson

---

**From:** Jakob Gunnarsson  
**Sent:** 15.03.2023 10:59:53  
**To:** Veðurstofa Íslands <[skrifstofa@vedur.is](mailto:skrifstofa@vedur.is)>  
**Subject:** Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum

Rangárþing ytra hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu fyrir Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum.

Umhverfismatsskýrslu um ofangreinda framkvæmd ásamt viðaukum má finna á eftirfarandi slóð:

[Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum | Gagnagrunnur umhverfismats | Skipulagsstofnun](#)

Skipulagsstofnun fer fram á að veitt verði umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í umsögn skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótnægisaðgerðir og vöktun. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Umsögn óskast send Skipulagsstofnun í síðasta lagi 4. maí 2023 á tölvupóstföngin: [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is), [jakob@skipulag.is](mailto:jakob@skipulag.is) og [egill@skipulag.is](mailto:egill@skipulag.is)

---

**Jakob Gunnarsson**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

[Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

image001.jpg

Skipulagsstofnun  
Bt. Jakobs Gunnarssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
skipulag@skipulag.is, jakob@skipulag.is og egill@skipulag.is

Dags. 8. maí 2023  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2023-0094

Með erindi dags. 15. mars sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um mat á umhverfisþáttum vegna framkvæmda við þjónustumiðstöð í Landmannalaugum.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Veðurstofan leggur áherslu á að huga þurfi vel að flóðahættu við uppbyggingu á nýjum svæðum við Landmannalaugar. Varhugavert getur reynst að notast við gróðurlínu í Námshrauni til að meta mögulega vatnshæð í flóðum og æskilega hæð varnargarða. Ástæður þess eru einkum tvær:

- Ekki er ljóst hver endurnýjunartími gróðurs er í hrauninu. Sé hann stuttur, t.d. 20 ár, má búast við að flóð með endurkomutíma sem er lengri en endurnýjunartími gróðurs en þó það algeng að ástæða sé til að huga að þeim vegna flóðahættu, geti verið mun stærri en gróðurlínan gefur til kynna
- Flóð geta verið hærri en gróðurlína því vatnað getur yfir gróður án þess að hann rofni, t.d. í leysingarflóðum að vori þar sem vatn lónar uppi ofan ísstíflna og krapaþrenginga.

Gróðurlínan gefur því ekki góða mynd af flóðaháttum árinna. Niðurstöður í fyrri umsögnum, um að forsendur til að meta vatnavexti og tíðni þeirra séu takmarkaðar, eru því enn gildar. Kanna þarf nánar þegar kemur að hönnun varnargarða hvort að nýta megi rennslisgögn Landsvirkjunar úr Jökulgilskvísl til að meta stærð og endurkomutíma flóða.

Veðurstofan áréttar líkt og í fyrri umsögnum að huga þurfi að rofmætti árinna við Námshraunið og varnargarða þegar unnið verður að hönnun þeirra. Einnig þarf að gæta þess að hugað sé að uppbyggingu aurkeilu Jökulgilskvíslarinnar við hönnun varnargarða. Viðbúið er að áin flæmist um allt það svæði sem hún hefur til umráða á aurkeilunni og byggi undir sig vegna mikils og stöðugs framburðar. Mögulegt er að uppbygging aurkeilunnar sé svo hröð að hún gæti haft áhrif á virkni varnargarðanna á líftíma mannvirkjanna.

Virðingarfyllt,



Árni Snorrason  
Forstjóri Veðurstofu Íslands

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 4. maí 2023  
Málsnúmer: 202303-0039  
LA/RTh

## Efni: Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum

Vísað er í bréf dags. 15. mars 2023 frá Skipulagsstofnun, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um umhverfismatsskýrslu fyrir þjónustumiðstöð í Landmannalaugum.

Náttúrufræðistofnun skilaði inn umsögn um tillögu að matsáætlun um þjónustumiðstöð í Landmannalaugum í nóvember 2021 þar sem gerðar voru allnokkrar athugasemdir við matsáætlunina er varða náttúruminjar innan friðlýsta svæðisins. Í umhverfismatsskýrslu er gerð grein fyrir sumum þeirra en öðrum ekki.

Til að byrja með vill Náttúrufræðistofnun undirstrika að fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan Friðlands að Fjallabaki þar sem megin einkenni svæðisins eru fjölbreytt landslag og landslagsheildir, mikill breytileiki jarðminja og jarðhitafyrirbæra, sérstakt og viðkvæmt lífríki, víðerni, kyrrð og litadýrð. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda þessar sérstæðu jarðminjar, landslag, lífríki og ósnortin víðerni svæðisins (Umhverfisstofnun <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/fridland-ad-fjallabaki/>).

Þá kemur skýrt fram í 38. gr. 4. mgr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013) um friðlýsingu: “Hvers konar athafnir eða framkvæmdir sem ganga gegn markmiði friðlýsingar og geta skaðað verndargildi friðlýstra náttúruminja eru óheimilar nema samkvæmt undanþágu, sbr. 41. gr.”

Friðland að Fjallabaki (Torfajökull) er auk þess á yfirlitsskrá heimsminja UNESCO ásamt fimm öðrum svæðum (<https://heimsminjar.is>). Til þess að svæði komist á yfirlitsskrá þarf ríkisstjórn Íslands að samþykkja tillögur um möguleg heimsminjasvæði landsins og tilkynna þarf formlega um svæðin til UNESCO. Einungis svæði á yfirlitsskrá hafa möguleika á að vera tilnefnd sem heimsminjasvæði. Vegna þessa eru svæðin sex á yfirlitsskrá Íslands mjög mikilvæg, þau eru á ábyrgð stjórnvalda samkvæmt samningi við UNESCO og tryggja þarf sérstaklega verndun þeirra.

Í auglýsingu um Friðland að Fjallabaki (nr. 354/1979) kemur fram í 5. lið um gildandi reglur um friðlandið að mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask í friðlandinu er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Þrátt fyrir ábendingar Náttúrufræðistofnunar um þetta í matsáætlun hefur það ekki skilað sér í umhverfismatsskýrslu.

Í stjórnunar- og verndaráætlun Friðlands að Fjallabaki í kafla 3 um Markmið, stefnu og leiðir (bls. 30) stendur: „Öll uppbygging innan friðlandsins skal styðja við friðlýsingu þess og gæta skal þess að framkvæmdir rýri ekki verndargildi svæðisins. [...]. Ekki er gert ráð fyrir að



*Þjónustu[stu]svæðum innan friðlandsins verði fjölgað heldur verði staðið vel að viðhaldi og uppbyggingu þeirra sem fyrir eru.“*

Náttúrufræðistofnun telur að ekki sé hægt að horfa fram hjá þessum atriðum þegar fjallað er um fyrirhugað framkvæmdasvæði með tveimur nýjum þjónustusvæðum, við Námskvísl og Námshraun, sem eru í dag nær óröskuð svæði innan friðlandsins.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.

Efnistaka. Gert er ráð fyrir að efnispörf sé um 20.000 m<sup>3</sup> þar sem helmingur er stórgrýti í varnargarða sem sótt verður í námu við Sigöldu. Lausu efni er ráðgert að moka upp úr líparít áreyrunum þrátt fyrir að bent hafi verið á hátt verndargildi þeirra. Efnistaka innan friðlandsins er óásættanleg þar sem gengið er á friðlýstar náttúruminjar og er ekki í samræmi við náttúruverndarlög. Í námuskrá Vegagerðarinnar (<http://namur.vegagerdin.is/>) eru sýndar þrjár fullfrágengnar námur í nálægð Landmannalauga. Innan Friðlands að Fjallabaki er ekki samræmi á milli námuskrár Vegagerðarinnar og náma sem tilgreindar eru í Aðalskipulagi Rangárpings ytra 2016-2028.

Vatnstaka. Metin er vatnspörf nýbygginga en ekki er fjallað um áhrif aukinnar vatnstöku t.d. á grunnvatnsstöðu eða þolmörk nýtingar á jarðhitavatni. Breyting á grunnvatnsstöðu getur haft ófyrirséðar afleiðingar á votlendi og náttúruleg við Laugahraun. Heitar lindir eru ekki óþrjótandi auðlind.

Gróður. Ekki er gerð úttekt á vaxtarstöðum sjaldgæfra plantna í votlendinu þar sem fyrirhugaðir „fljótandi“ göngupallar verða staðsettir.

Ásýnd. Tvö ný þjónustusvæði við Námskvísl og Námshraun mun sannarlega hafa áhrif á landslag og ásýnd svæðisins. Bílastæði eru stór og fyrirferðarmikil, nýir umfangsmiklir varnargarðar og byggingar staðsettar upp við hraunjaðar Námshrauns. Manngerð ummerki innan svæðisins verða mun meiri og á stærra svæði en nú er á leið inn í Landmannalaugar og þau munu hafa neikvæð áhrif á verndargildi landslags og jarðminja.

Álag. Í umhverfismatsskýrslu er mikið fjallað um að létta álagi og endurheimta svæði við Landmannalaugar. Náttúrufræðistofnun getur ekki séð skynsemi í því að raska nýjum svæðum innan friðlandsins til að endurheimta svæði sem nú þegar hefur verið raskað. Þá eru ný þjónustusvæði ekki trygging fyrir því að álag á öðrum svæðum komi til með að minnka.

Náttúrufræðistofnun er ekki sammála heildarniðurstöðu umhverfismats fyrir valkost B (tafla 8) um að ásýnd og landslag verði nokkuð neikvæð og að áhrif á landnotkun og jarðmyndanir séu metin óveruleg eða engin. Þessir þættir verða fyrir verulega neikvæðum eða talsvert neikvæðum umhverfisáhrifum ef af framkvæmdum verður. Óvissa er enn um áhrif á gróður og vatnafar sem var ekki kannað. Hins vegar er ljóst að uppbygging t.d. við Sólvang, og nýir göngupallar í votlendinu framan við Laugahraun, munu hafa neikvæð áhrif á viðkvæman gróður.

Náttúrufræðistofnun tekur undir það sjónarmið að bæta þarf aðstöðu við Landmannalaugar, en það er ekki sama hvernig það er gert innan friðlandsins. Stofnunin telur að valkostur A með uppbyggingu innan núverandi þjónustusvæðis sé vænlegasti kosturinn og muni lágmarka frekara rask á náttúruminum og landslagi innan friðlandsins.



Virðingarfyllst,

*Lovísa Ásbjörnsdóttir*

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur á sviði náttúruverndar







Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík**

[jakob@skipulag.is](mailto:jakob@skipulag.is)  
[egill@skipulag.is](mailto:egill@skipulag.is)  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

Selfossi, 4. maí 2023  
2303087HS SG

### **Efni: Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum - Umsögn um framkvæmd**

Þann 15. mars sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst Skipulagsstofnunar, ásamt fylgigögnum þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar við byggingu þjónustumiðstöðvar og tengdrar starfsemi í Landmannalaugum, Rangárþingi ytra.

Um er að ræða endurbyggingu og uppbyggingu á svæðinu í Landmannalaugum og á svæðinu við Námshraun við Sólvang. Ferðafélag Íslands rekur aðstöðu fyrir ferðamenn og útivistarfólk í Landmannalaugum. Landmannalaugar eru innan friðlands að Fjallabaki og fer Umhverfisstofnun með umsýjun þess. Friðlandið er um 446 km<sup>2</sup>. Framkvæmdasvæði Landmannalauga nær yfir Landmannalaugasvæðið sem er um 182 ha. Það nær yfir núverandi þjónustusvæði í Landmannalaugum og næsta nágrenni á um 500-800 m breiðu svæði frá mynni Grænagils í suðri og norður fyrir vegamót Fjallabaksleiðar nyrðri og Landmannalaugavegar, en svæðið sem raskað verður vegna framkvæmda nær einungis yfir um 9 ha. Markmið tillögunnar er að styrkja ímynd Landmannalauga sem stórbrotins náttúrusvæðis og að raska sem minnst náttúru og lífríki svæðisins.

Deiliskipulag er í gildi fyrir svæði sem fjallar um gönguleiðir, reiðleiðir, varnargarða/rofvarnir, aðkomu, bílastæði, tjaldsvæði og byggingarreiti.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreint mat á umhverfisáhrifum fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir við matið sem slíkt. Embættið telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfisþáttum og valkostum sem matið skal taka til. Embættið áskilur sér hinsvegar rétt til að koma fram með ábendingar og athugasemdir á síðari stigum við meðferð málsins ef tilefni er til.



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir gististöðum, þ.m.t. tjaldsvæðum, veitingastöðum og vatnsveitum starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Jafnframt veitir embættið baðstöðum í náttúrunni starfsleyfi skv. reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni með síðari breytingum. Einnig veitir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, landmótun og verktakaaðstöðu skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

---

Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri





Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 3. maí 2023  
MÍ202305-0020 / 6.07 / K.M.

## Efni: Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 15. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Rangárþing ytra áformar að ráðast í endurbyggingu og frekari uppbyggingu á svæðinu í Landmannalaugum og á svæðinu við Námshraun við Sólvang. Fyrirhugað framkvæmdasvæði Landmannalauga nær yfir Landmannalaugasvæðið sem er um 182 ha og er í um 500 m hæð yfir sjávarmáli. Það nær yfir núverandi þjónustusvæði í Landmannalaugum og næsta nágrenni á um 500-800 m breiðu svæði frá mynni Grænagils í suðri og norður fyrir vegamót Fjallabaksleiðar nyrðri og Landmannalaugavegar. Svæði sem raskað verður vegna fyrirhugaðra framkvæmda nær yfir um 9 ha svæði.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

Í umhverfismatsskýrslu segir að svæðið sé tvískipt, annars vegar við Námshraun og hins vegar við Laugahraun. Í dag er meginþjónustukjarninn undir Laugahrauni en lögd er áhersla á að færa meginþunga þjónustu norður fyrir Námshraun og dagaðstöðu norður fyrir Námskvísl og hlífa þannig viðkvæmu svæði við Laugahraun. Gert er ráð fyrir uppbyggingu skálasvæðis við Námshraun. Þar verður einnig tjaldsvæði fyrir 150 tjöld og 50 húsbíla auk veitingasölu, upplýsingamiðstöðvar, baðaðstöðu, aðstöðu fyrir eftirlitsaðila og starfsmenn, hestaskýli og hestagerði. Við Laugahraun er áfram gert ráð fyrir skála FÍ og nýrri dagdvalar- og búningsaðstöðu tengt lauginni.

Í kafla 4.2.4 er fjallað um rafmagn. Þar segir að a.m.k. þrjár leiðir komi til greina til að tengja Landmannalaugasvæðið við lagnakerfi RARIK. Lagnaleiðirnar sem mögulegt er að fara eru frá 12 km og upp í 30 km. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að skoðað þurfi lagnaleiðirnar mun betur áður en valið er á milli þeirra. Minjastofnun minnir á að hafa þarf samráð við Minjastofnun um val á lagnaleið fyrir rafmagn. Stofnunin ákveður hvort þörf verður á að skrá fornleifar á fyrirhugaðri lagnaleið áður en framkvæmdir við lagningu strengs geta hafist.

Í kafla 4.2.7 er fjallað um varnargarða og rofvarnir. Þar kemur fram að við mótun nýs tjaldsvæðis og þjónustusvæðið norðan við Námshraun og við Námskvísl verði nýir varnargarðar byggðir upp. Gert sé ráð fyrir að stórgrýti í rofvörn verði sótt í núverandi námur í nágrenninu utan friðlands en að fyllingarefni verði fengið úr aurum Jökulgilskvíslar.

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*

Í kafla 4.2.8 kemur fram að haldið verði að mestu í núverandi stígakerfi en að það verði endurgert og aðlagð að staðháttum á hverjum stað.


Fjallað er um fornleifar í kafla 6.4. Eins og þar kemur fram hafa fornleifar verið skráðar á svæðinu. Fyrir liggur skýrsla Fornleifaverndar ríkisins frá árinu 2008, *Torfajökull og umhverfi. Fornleifaskráning*. Sex minjar eru skráðar innan svæðisins, þrjár réttir, tóft sæluhúss sem byggt var 1905, borghlaðinn sælukofi og sæluhús sem byggt var árið 1927.

Í umhverfismatskýrslu segir að tekið verði tillit til skráðra fornleifa og að ekki sé gert ráð fyrir nýjum mannvirkjum nær fornleifum en 100 m. Núverandi stígur sem liggur nær fornleifum verður þó lagfærður. Lög verði áhersla á að framkvæmdaraðilar sem að þeirri vinnu koma verði upplýstir um staðsetningu fornleifa svo að þeim verði ekki raskað.

Minjastofnun Íslands vekur athygli á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Í 30. gr. sömu laga segir að eigendum húsa og mannvirkja sem byggð voru 1940 eða fyrr sé skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.*

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson ([jakob.gunnarsson@skipulag.is](mailto:jakob.gunnarsson@skipulag.is))  
Egill Þórarinnsson ([egill.thorarinsson@skipulag.is](mailto:egill.thorarinsson@skipulag.is))  
Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. apríl 2023  
UST202303-161/B.S.  
10.05.00

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - þjónustumiðstöð í Landmannalaugum. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mannvirkjagerð í Landmannalaugum.

Um langt skeið hefur ástand lands og innviða í Landmannalaugum verið mjög slæmt eins og úttektir Umhverfisstofnunar hafa sýnt. Því er það jákvætt að ráðist verði í löngu tímabærar endurbætur á svæðinu.

Að mati Umhverfisstofnunar kemur óbreytt ástand í Landmannalaugum ekki til greina. Í greinargerð er fjallað um þrjá valkosti og eru þeir allir til bóta. Væntanlega munu fjárveitingar ráða verktíma, áfangaskiptingu og endanlegum útfærslum en allar tillögurnar eru til bóta.

Umfjöllun í matsskýrslunni er ítarleg og góð. En gjarnan hefði mátt setja fram skýrari hugmyndir um stýringu á fjölda ferðamanna til að draga úr álagi á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að úrbætur á innviðum í Landmannalaugum muni einungis hafa jákvæð áhrif í för með sér og gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við matsskýrsluna.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*


Hulda Soffía Jónasdóttir,  
*sérfræðingur*



**FISKISTOFA**  
TRAUST · FRAMSÆKNI · VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990  
fiskistofa@fiskistofa.is  
fiskistofa.is

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

 Skipulagsstofnun
Mött.: 23 mars 2023
Málnr. _____
_____

Hafnarfjörður 17. mars 2023  
Tilv. 2023-03-15-0220/2.4.1

Efni: Varðar þjónustumiðstöð í Landmannalaugum

Með tölvupósti þann 15. mars sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi fram lagða umhverfismatsskýrslu fyrir Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum. Það er þekkt að fiskar finnast í lækjum við Landmannalaugar en engin veiði er stunduð þar og varða fyrirhugaðar framkvæmdir ekki veiðihagsmuni. Ekki er fjallað um veiði eða áhrif á fiska í fram lagðri umhverfismatsskýrslu.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa

  
Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs